

Alþingi
Erindi nr. P 136/848
komudagur 12.2.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

12.2.2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, þingmál 280.

Stjórnarfrumvarp þetta er gagnert sett fram til þess að skipta um yfirstjórn í Seðlabankanum. Frumvarpið er lagt fram á Alþingi án þess að farið hafi fram sá vandaði undirbúningur og það samráð sem mælt er fyrir um í leiðbeiningum um undirbúning og gerð stjórnarfrumvarpa sem forsætisráðuneytið hefur gefið út. Þá er aðilum gefinn skammur umsagnarfræstur, eins og allt of algengt er, og mikill þrýstingur á hraðferð frumvarpsins í gegnum þingið.

Í ljósi þess að peningamálastefna Seðlabankans hefur beðið skipbrot og Seðlabankinn er rúinn trausti og varð gjaldþrota er mikilvægt að allar breytingar stuðli að endurvakningu trausts á Seðlabankanum og efnahagsstefnu stjórnvalda. Samtök atvinnulífsins leggja því til að fram fari ítarleg úttekt á stefnu og skipulagi Seðlabankans og í þeirri endurskoðun verði þær breytingar sem í þessu frumvarpi felast einnig teknar til umfjöllunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á yfirstjórn Seðlabankans að bankastjórum verði fækkað úr þremur í einn og í stað bankaráðs þriggja bankastjóra komi fimm manna peningastefnunefnd sem taki ákvarðanir um framkvæmd peningamálastefnu bankans. Bankastjórinn sé skipaður af forsætisráðherra og hafi hann lokið meistaraþrófi í hagfræði og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningámálum. Peningastefnunefndin sé skipuð bankastjóranum, tveimur starfsmönnum bankans, sem væntanlega séu skipaðir af bankastjóranum, og tveimur utanaðkomandi sérfræðingum, einnig skipuðum af bankastjóranum, en að fenginni staðfestingu forsætisráðherra.

Samtök atvinnulífsins telja að eftirfarandi efnisatriði frumvarpsins þarfnist endurskoðunar.

1. Formleg menntun bankastjórans. Meistarpróf í hagfræði er of þröngt skilyrði og gæti útilokað þá hæfustu frá starfinu.
2. Aðrar hæfniskröfur. Bæta þyrfti kröfum um aðra eiginleika en menntun og reynslu og þekkingu í peningámálum, t.d. reynslu af fjármálamarkaði og stjórnunar- og leiðtogahæfileika eða aðra persónulega eiginleika, við þau skilyrði sem bankastjórinn þarf að uppfylla.
3. Ráðning bankastjóra. Bankaráðið eða sérstök ráðningarnefnd ráði í stöðu bankastjóra í stað forsætisráðherra.
4. Staðgengill bankastjóra. Bæta þarf við ákvæði um staðgengil bankastjóra eða aðstoðarbankastjóra, sem þurfi að uppfylla sömu hæfisskilyrði og bankastjórinn.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

5. Fulltrúar bankans í peningastefnunefnd. Eðlilegt er að tilgreina hverjir af starfsmönnum bankans sitji í peningastefnunefnd, t.d. aðalhogfræðingur.
6. Utanaðkomandi fulltrúar í peningastefnunefnd. Fulltrúar í peningastefnunefnd, aðrir en starfsmenn bankans, séu skipaðir af öðrum en bankastjóranum, t.d. Alþingi.
7. Kveða þarf á um hæfniskröfur fulltrúa í peningastefnunefnd.

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað gagnrýnt peningamálastefnu Seðlabankans og framkvæmd hennar á undanförunum árum, sbr. t.d. meðfylgjandi bréf til forsætisráðherra dagsett 6. júní 2007 og 13. ágúst 2007, og lýst áhyggjum af þeim óstöðugleika og sveiflum sem hún hefur valdið. Þessi stefna hefur nú beðið endanlegt skipbrot og miklu skiptir hvaða ákvarðanir munu verða teknar um hvað komi í stað hennar. Samtök atvinnulífsins leggja því til að fram fari úttekt á framkvæmd peningamálastefnunnar og skipulagi Seðlabankans með það að markmiði að endurvekja traust, innanlands og utan.

Virðingarfyllt,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde,
Forsætisráðuneytið,
Lækjargötu,
150 Reykjavík.

Reykjavík 4. júní 2007.

Samtök atvinnulífsins óska nýrri ríkisstjórn til hamingju með að vera komin til starfa og vilja gjarnan eiga við hana gott samstarf. Sérstaklega er lýst stuðningi við markmið ríkisstjórnarinnar um að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og trausta stöðu ríkissjóðs. Samtök atvinnulífsins fagna áformum ríkisstjórnarinnar um samráð við aðila vinnu- og atvinnu- aðarins. Verkefni framundan eru margvísleg og mikilvæg og krefjast þess að gott samráð sé milli ríkisstjórnarinnar og samtakanna til þess að árangur náist. Atvinnulíf og almenningur eiga allt undir því að vel takist til í störfum ríkisstjórnarinnar.

Seðlabankinn í sjálfheldu

Ríkisstjórnin þarf nú þegar að taka á þeirri sjálfheldu sem stjórn peningamála og hagstjórnin hefur ratað í. Þetta verkefni er afar brýnt vegna þess að aðgerðir Seðlabankans hafa skaðað atvinnulífið án þess að skila árangri á mót og atvinnulífið getur ekki þolað þá skertu samkeppnisstöðu sem of há verðbólga, viðvarandi háir vextir og óhóflegar gengissveiflur hafa skapað. Seðlabankinn hefur á undanförunum misserum hækkað stýrivexti en þeir eru nú 14,25%. Á þeim tíma hefur gengi krónunnar sveiflast fram og til baka, bæði hækkað ótæpalega, en síðan lækkað á ný. Nú fer gengið enn á ný hækkanði og er orðið alltof hátt miðað við stöðu atvinnulífsins og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Útlit er fyrir að gengið eigi eftir að hækka enn frekar áður en það lækkar á ný. Gengið mun þá lækka þrátt fyrir háa stýrivexti Seðlabankans og bankinn mun ekki að óbreyttu um fyrirsjáanlega framtíð sjá möguleika á því að lækka vexti.

Vaxtatækið dugur ekki

Tilraunir Seðlabankans til þess að hafa hemil á verðbólgu með vaxtahækkunum hafa sýnt að þetta tæki bankans dugur lítið sem ekkert í þeirri viðleitni. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær að markaðshlutdeild óverðtryggðrar krónu er orðin mjög lítil í lánakerfinu og að hlutdeild erlendra lána fer sífellt vaxandi. Enda reyna flestir sem geta að taka erlend lán og flýja krónuna. Viðvarandi háir vextir grafa þannig undan krónunni sem gjaldmiðli. Almenn á vaxtatækið að virka beint á einkaneyslu og fjárfestingar fyrirtækja og draga þannig úr eftirspurn. En þetta á aðeins í takmörkuðum mæli við í hagkerfi eins og því íslenska þar sem tiltölulega lítil hluti hagkerfisins er háður vöxtum í eigin gjaldmiðli. Seðlabankinn hefur t.d. lýst gengi krónunnar sem helsta miðlunartæki peningastefnunnar hér á landi sem gengur út á það að háir vextir eigi að hækka gengið, beina eftirspurn út úr hagkerfinu og draga svo mikið úr tekjumyndun í útflutnings- og samkeppnisgreinum að það hafi líka áhrif á eftirspurn. En gjaldeyrismarkaðurinn virðist hegða sér þannig að gengi krónunnar

Ábsetur:
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Sími:
591 0000

Bráfsími:
591 0050

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



lækkar löngu áður en slík eftirspurnaráhrif koma fram. Þegar markaðsaðilum finnst að of mikið sé kreppt að þessum atvinnugreinum hætta þeir að taka mark á Seðlabankanum og gengið lækkar þrátt fyrir himinháa vexti. Ennfremur hefur aukin alþjóðavæðing íslenska fjármálamarkaðarins þýtt að háir vextir skapa nægt framboð erlendis frá af lánsfé í íslenskum krónum með svokölluðum jöklabréfum en virðast ekki hafa laðað fram teljandi aukningu á sparnaði innlendra aðila.

Gengissveiflur draga úr árangri


Gengissveiflurnar hafa reynst afar óheppilegar fyrir atvinnulífið þar sem þær skapa óhóflegar sveiflur í afkomu og draga úr árangri atvinnulífsins. Það þarf því að hugsa stjórn peningamála upp á nýtt. Vaxtahækkunar og gengissveiflur hafa ekki dugað til þess að vinna bug á verðbólgunni heldur búa til viðvarandi ástand hárra vaxta. Gengissveiflurnar eru beinlínis skaðlegar vegna þess að þær draga úr árangri og samkeppnishæfni atvinnulífsins án þess að skila neinu á mót.

Önnur hagstjórnartæki nauðsynleg

Við þessi skilyrði þarf að leggja meiri áherslu á önnur hagstjórnartæki en vaxtataekið enda hefur það nánast verið tekið úr sambandi með ofnotkun þess. Það sem mestu máli skiptir er að skoða mikilvægustu markaðina í hagkerfinu, hvornig þeir virka og hvort á þeim sé óeðlilegt ástand vegna tilbúnnar eftirspurnar eða hindrana á framboðshliðinni. Fjármál hins opinbera hafa mikla þýðingu fyrir heildareftirspurn og verða að vera í lagi. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2008 verður að hafa hemil á aukningu samneyslu og tilfærsluútgjalda þannig að ríkisbúskapurinn verði ekki uppspretta umframeftirspurnar í hagkerfinu. Í aðdraganda kosninganna 12. maí sl. settu allir stjórn mála flokkarnir fram áform um aukin ríkisútgjöld og lægri skatta. Mikilvægt er að öll þessi áform finni sér farveg innan ramma sem samræmist hóflegum langtíma vexti ríkisútgjalda og lækkandi skatta án þess að halli myndist á ríkissjóði. Ennfremur er nauðsynlegt að haga fjármálum sveitarfélaga þannig að þau vinni ekki gegn hagstjórnaraðgerðum ríkisins. Samtök atvinnulífsins ítreka nauðsyn þess að sveitarfélögum verði settar reglur sem koma í veg fyrir hallarekstur þeirra.

Lækka láns hlutföll Íbúðalánasjóðs og hætta inngripi í markaðinn

Ein mikilvægasta aðgerðin við núverandi aðstæður er að lækka á ný láns hlutföll Íbúðalánasjóðs og lánsfjárhæðir. Sjóðurinn er markaðsleiðandi og síðasta hækkun láns hlutfalla kom undraskjótt fram í nýjum hækkunum á fasteignaverði sem bæði koma beint fram í hækkunum á neysluverðsvísitölu og síðan óbeint vegna áhrifa á einkaneyslu og eftirspurn. Þetta er ein megin skýringin á því af hverju verðbólgan hefur verið alltof mikil undanfarna mánuði. Lækkun láns hlutfalla Íbúðalánasjóðs á síðasta sumri, í kjölfar kjarasamninganna í júní, var lyklatríði í því að hægja þá á verðhækkunum og ná betra jafnvægi. Þeim aðgerðum var vel tekið en síðan dró mjög úr trúverðuleika stjórnvalda þegar þær voru dregnar til baka. Starfsemi Íbúðalánasjóðs hefur sætt mikilli gagnrýni alþjóðastofnana, s.s. IMF og OECD, auk matsfyrirtækja sem meta láns hæfi íslenskra aðila. Sífellt erfiðara er að réttlæta það inngrip ríkisins á almennan lánamarkað sem felst í rekstri Íbúðalánasjóðs og ríkistryggingu lána til almennings. Sjóðurinn hefur beinlínis unnið gegn markmiðum og viðleitni Seðlabankans með því að takmarka fjölbreytni skuldabréfaútgáfu sinnar í því skyni að geta haldið útláns vöxtum niðri. Íbúðalánasjóður má ekki starfa eins og ríki í ríkinu í skjóli sérstöðu sinnar og það verður að tryggja að hann grafi ekki undan hagstjórninni. Brynt er að sérmeðferð á Íbúðalánasjóði, s.s. ríkisábyrgð, verð hætt og að ríkið dragi sig út úr þessari lánastarfsemi með sama hætti og gert hefur verið á öðrum sviðum fjármálamarkaðarins.


Ingimundur Sigurpálsson, formaður


Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Forsætisráðherra
Geir H. Haarde
Forsætisráðuneytið

150 Reykjavík

15. ágúst 2007

Í framhaldi af bréfi Samtaka atvinnulífsins til forsætisráðherra 4. júní sl. ítreka samtökin áhyggjur sínar af afleiðingum peningamálastefnu Seðlabankans og þeim óstöðugleika sem hún veldur. Sveiflur í gengi krónunnar frá þeim tíma gefa enn brýnt tilefni til þess að hefja nú þegar vinnu við undirbúning stefnubreytingar.

Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að endurskoða verðbólguþröskulmið Seðlabanka Íslands eins og það var upphaflega sett fram með samkomulagi bankans og ríkisstjórnarinnar 27. mars 2001. Við þessa endurskoðun þarf að taka tillit til þess að stjórnæki bankans, stýrivextir, hefur takmörkuð samdráttaráhrif á eftirspurn og verðbólgu, en hefur hins vegar leitt til verulegra sveiflna á gengi íslensku krónunnar. Hátt gengi krónunnar langtínum saman hefur átt drjúgan þátt í miklum halla á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd og gert útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegunum mjög erfitt fyrir.

Verðhækkanir á íbúðarhúsnæði hafa verið megin drifkraftur verðbólgunnar á undanförmum árum. Þannig hækkaði vísitala neysluverðs um 2,1% á árinu 2003 en aðeins um 1,3% þegar húsnæðisliðurinn er undanskilinn. Á árinu 2004 var hækkun vísitölu neysluverðs 4% en 2,1% án húsnæðisliðarins. Árið 2005 hækkaði vísitala neysluverðs um 4,4% en aðeins um 1% þegar litið er framhjá húsnæðisliðnum. Á árinu 2006 varð munurinn minni en þá hækkaði vísitala neysluverðs um 6,6% á meðan vísitalan án húsnæðisliðarins hækkaði um 6%. Munurinn hefur aukist á ný þar sem vísitala neysluverðs hækkaði um 3,4% sl. 12 mánuði m.v. ágúst 2007 en án húsnæðisliðarins hækkaði hún aðeins um 0,5%.

Frá janúar 2004 hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti úr 5,3% í 14,25% (13,3% miðað við breytta skilgreiningu). Fasteignaverðisliðurinn í vísitölu neysluverðs (reiknuð húsaleiga) hækkaði um tæp 73% frá janúar 2004 til ágúst 2007 og er bersýnilegt að vaxtahækkanir Seðlabankans hafa engin áhrif haft á verð íbúðarhúsnæðis. Á þessum tíma urðu breytingar á íbúðalánamarkaðnum sem hófust með hækkun lánshlutfalls og hámarksláns íbúðalánasjóðs og innkomu bankanna inn á þennan markað í framhaldi af því. Má segja að aðgerðir ríkisins í gegnum íbúðalánasjóð hafi beinlínis unnið gegn viðleitni Seðlabankans til þess að ná niður verðbólgu.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfasími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Óverðtryggð lán í íslenskum krónum eru hvergi nærri sá hluti af lánakerfi íslenska hagkerfisins sem þarf til að vaxtahækkunar Seðlabankans hafi afgerandi áhrif á eftirspurn innanlands. Miðlunarferli peningastefnu bankans er því fyrst og fremst í gegnum gengi krónunnar þannig að hærri stýrivextir leiða til herra gengis krónunnar og þar með lægra innflutningsverðlags. Í janúar 2006 hafði Seðlabankinn tvöfaldað vexti sína á tveimur árum og hækkað stýrivexti í 10,5%, en gengisvísitala krónunnar var 104,7 stig í byrjun þess mánaðar. Hátt gengi krónunnar á þessum tíma lék útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins grátt en þó var ekki farið að gæta minni tekjumyndunar hjá heimilum vegna þessa og því voru engin merki um samdrátt í eftirspurn, þvert á móti jókst einkaneysla um 12,9% á árinu 2005.

Gengi krónunnar hafði reyndar náð hámarki í byrjun nóvember 2005 og lægst fór gengisvísitala krónunnar í 100,6 stig. Gengi krónunnar hélst áfram hátt fyrstu vikur ársins 2006 og var gengisvísitalan oftast á bilinu 104-106 stig fram yfir miðjan febrúarmánuð, en þá misstu aðilar markaðarins trú á að gengi krónunnar gæti staðist. Síðari hluta febrúar 2006 fór gengi krónunnar hratt lækkandi og gengisvísitalan var komin í 133,5 stig 21. apríl. Eftir það hækkaði krónan nokkuð aftur en lækkaði svo á ný síðast í júnímánuði 2006. Ýmislegt varð til þess að stuðla að þessu falli krónunnar, m.a. bylgja vantrúar og slæmrar fjölmiðlaumfjöllunar erlendis um íslenska fjármála-markaðinn og efnahagslífið almennt. Í framhaldi af lækkun á gengi krónunnar hækkaði almennt verðlag og verðbólga, bæði með og án húsnæðisliðarins.

Nauðsynlegt er að draga lærdóm af þessari reynslu. Samtök atvinnulífsins telja að í hinni miklu hækkun á gengi íslensku krónunnar fram til nóvember 2005 hafi jafnframt verið falið fall hennar. Lækkun gengisvísitölunnar um 18% frá ársbyrjun 2004 til nóvember 2005 leiddi vissulega til þess að verðbólgan án húsnæðisliðarins hjaðnaði, en gengið var þá orðið óraunhæft og féll þar af leiðandi og verðlag hækkaði á nýjan leik. Þegar upp var staðið var árleg verðbólga á mælikvarða vísitölu neysluverðs án húsnæðis að meðaltali þó aðeins um 2,6% á fjögurra ára tímabilinu 2003 – 2006. Það er athyglisvert að í ársbyrjun 2003 var gengisvísitalan 124,8 stig en 126,0 stig í ársbyrjun 2007. Af þessu má ráða að vaxtahækkunar Seðlabankans og miðlunarferli þeirra í gegnum gengi krónunnar hafi stuðlað að minni hækkunum verðlags meðan gengið hélst hátt en um leið og markaðurinn taldi gengið vera orðið óraunhæft, lækkaði það og leiddi til verðhækkana. Vaxtahækkunir og meðfylgjandi hágengi hafa því ekki megnað að hafa nein teljandi áhrif til lengdar á þróun vísitölu neysluverðs. Gengissveiflurnar vegna þessara vaxtahækkana hafa hins vegar verið afar skaðlegar fyrir atvinnulífið og þjóðarþúið í heild. Þær skapa mikla og ónauðsynlega óvissu fyrir rekstur fyrirtækja, orsaka miklar sveiflur í afkomu þeirra og stuðla að ójafnvægi í viðskiptum við útlönd.

Seðlabankinn hélt áfram að hækka vexti í framhaldi af falli gengisins á fyrria árshefningi 2006 og stýrivextir hafa verið 13,3% frá því í febrúar sl. (14,25% samkvæmt eldri skilgreiningu). Gengi krónunnar hækkaði um skeið og gengisvísitalan stóð í 114 stigum í júlíbyrjun en fór í 110,4 stig þann 24. júlí sl. Síðan hefur gengi krónunnar lækkað og 10. ágúst fór gengisvísitalan yfir 121 stig. Markaðurinn virðist



enn og aftur grípa inn í og gengi krónunnar lækkar og það löngu áður en eftirspurn dregst saman vegna tekjusamdráttar í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Seðlabankinn virðist vera kominn í algjöra sjálfhældu í vaxtaákvörðunum sínum. Bankinn virðist ekki sjá möguleika til þess að lækka vexti heldur virðast ávallt öll rök hníga til þess hjá bankanum að hækka þurfi vextina eða í besta falli að halda þeim óbreyttum. Á meðan bankinn er fastur í þessari sjálfhældu leita lántakendur leiða til þess að hagnýta sér ódýrara erlent lánsfé og nú hafa lán til íbúðakaupa, bílalan og ýmis neyslulán í auknum mæli leitað inn í þennan farveg sem gerir vaxtastefnu bankans ennþá áhrifaminni.

Ljóst er að Seðlabankinn getur ekki haft áhrif á þróun húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs og aðeins takmörkuð áhrif til skamms tíma á aðra liði vísitölunnar með vaxtastefnu sinni. Þetta leiðir af uppbyggingu íslenska lánakerfisins og öðrum aðstæðum í íslenska hagkerfinu. Líkan Seðlabankans af íslenska hagkerfinu sem byggir á því að hækkan stýrivaxta bankans valdi tilsvarendi hækkun á vöxtum verðtryggðra skuldabréfa sem síðan stuðli að samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingum er ekki í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Því þarf að leita annarra leiða til þess að halda verðbólgu í skefjum sem felast fyrst og fremst í því að tryggja að stýring fjármála hins opinbera leiði ekki til umframeftirspurnar og að einstakir markaðir hagkerfisins séu vel virkir. Sérstaklega þarf að vinna gegn mikilli verðbólgu á fasteignamarkaði þar sem verð á eignum hefur um lengri tíma verið langt umfram framleiðslukostnað.

Endurskoða þarf samkomulag ríkisstjórnarinnar við Seðlabankann um verðbólgu-markmið þar sem vaxtastefna Seðlabankans hefur reynst vanmáttugt tæki gegn verðbólgu en þess í stað reynst skaðlegt fyrir efnahagslífið. Samtök atvinnulífsins hvetja til opinna umræðna um breytingar á markmiðum um verðlagsþróun og benda á ýmsar leiðir sem koma til álita. Meðal þeirra má nefna hvort miða eigi við vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðarins eða með öðrum hætti en nú er, hvort hverfa eigi frá einu ákveðnu tölugildi um verðbólgu-markmið, hvort lita eigi til fleiri þátta í þróun hagkerfisins og hvort eigi að setja takmörk á mun á stýrivöxtum milli Íslands og annarra landa.

Samtök atvinnulífsins lýsa sig reiðubúin til þátttöku í slíkum umræðum og hvetja forsætisráðherra til að hefja þær nú þegar. Er afar brýnt að niðurstaða úr þeim fái st. sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Ingimundur Sigurpálsson, form.

Vilhjálmur Egilsson, framkvstj.